
ÁRÓÐUR

Fréttabréf Ármanna

Desember 2009



Spjallað við Ármann nr. 617 um skýjafar við Grímsá, helga menn og söng fiska

Fáir Ármenn eru jafn þekktir út um víða veröld og Kristinn Sigmondsson óperusöngvari, og fáir Ármenn hafa átt jafn mörg og löng viðtöl við blaðamenn frægra stórblaða og hann. Uppfullur af minnimáttarkennd og með nokkurn skjálfta í hnjúnum knýr tíðindamaður Áróðs dyra að heimili Kristins og Ásgerðar Þórisdóttur í Kópavogi einn fagran veðurdag í lok ágúst. Þau hjónin eru nýkomin heim, alsæl úr veiðiferð í Grímsá í Borgarfirði og framundan eru nokkrir rólegir dagar í borginni.

Til þess að reka af sér minnimáttarkenndina gagnvart frægum blaðamönnum virtra tímarita úti í hinum stóra heimi byrjar tíðinda-

maður á að spyrja Kristin hvort þetta sé ekki í fyrsta skipti sem hann hefur fengið að tala um veiði í blaðaviðtali.

Blessaður vertu, það hefur aldrei verið talað við mig um annað en söng og tónlist, engum hefur þótt taka því að tala við mig um veiðar, enda er ég enginn sérstakur veiðimaður þótt mér finnst gaman að sveifla priki og hnýta flugur. En sem betur fer er Áróður ekkert mjög víðlesid blað. Í vinnunni þarf ég að loka mig algerlega af, læra hlutverkin utanað og hafa allt á hreinu fyrir framan mörg hundruð eða mörg þúsund manns. Þá er svakalega góð afslöppun frá streitunni að geta haft hnýtingarnar sem athvarf.

Þetta byrjaði allt með því að Guðjón Kristleifsson (lengi #599) og Esther Þorvaldsdóttir, hálf systir Ásgerðar, plötuðu okkur til að veiða með sér í Grímsá. Mig minnir að þetta hafi verið 1993. Við vorum nýflutt heim frá Wiesbaden og vissum varla hvað fluguveiði var. Þau höfðu gaman af að veiða á flugu, en þegar mér var sagt hvað þetta kostaði blöskraði mér alveg að þeim skyldi detta þetta í hug. En þær eru svo góðar vinkonur systurnar að Ásgerður sannfærðist um að við ættum að fara með þeim. Þá var létt verk að sannfæra mig, eins og vera ber í góðu hjónabandi.

Við keyptum einhverja girðingarstaura í veiðibúð og létum kenna

okkur að kasta. Það var strákur uppi við Reynisvatn, mjög klár, sem tók mig í kennslu eina morgunstud, og það nægði mér til að koma línunni út. Svo átti að vera framhaldskennsla. Ég ætlaði að mæta en þá var það einhver miskilningur og ég hitti aldrei kastkennarann aftur. En svo vildi til að á sama tíma var verið að kenna hnýtingar og þar settist ég og byrjaði að hnýta. Þetta var svo gaman að ég keypti mér allt sem til þurfti. Ég hef stundum haft dótið með mér til útlanda og hnýti flestallar mínar flugur sjálfur nema túburnar. Mest hnýti ég eftir uppskriftum, en svo fær maður stundum gefnar góðar flugur og þá hermi ég eftir þeim. Það kemur fyrir að ég hnýti eitthvað sem ég hef ekki séð áður en yfirleitt kemur í ljós að svipuð fluga er einhvers staðar til.

Einhverju sinni þegar ég var að byrja ætlaði ég að hnýta Þingeying og mundi það eitt að hann er straumfluga með grænan bók og minnti að hann væri með gult vaf eða gullvaf. Ég hnýtti nokkur eintök en þetta reyndist vera tóm vitleysa. Ég kastaði henni fyrst fyrir lax í Efra-Garðaflljóti í Grímsá og hann elti hana oft er tók aldrei. Þetta minnti mig á viðbrögðin sem maður fær oft við Sunray Shadow.

Svo var það mörgum árum síðar að ég hugsaði til þessarar flugu þegar við vorum að fara í Elliðaárnar. Það var lítið vatn í ánum eftir mikla þurrka svo ég hnýtti hana mjög smáa. Þetta var eitthvað þínu-pínulítið, nr. 16 eða svo.

Við byrjuðum í Höfuðhyl og vorum komin niður í Fljótið. Við prófuðum fullt af flugum en sáum ekki fisk, svo ég prófaði þessa flugu. Hún hefur sennilega verið síðasta flugan í boxinu sem ekki hafði verið prófuð. Ásgerður var orðin óþolinmód og sagðist vilja fara annað, en hún hafði varla lokið setningunni þegar lax var á. Svo köstuðum við á Heyvað og Mjóddir, og ekkert gerðist. Allt í einu segir Ásgerður: „Hvaða fluga var þetta sem þú notaðir þarna áðan?“ Hún tekur hana og fær fisk í fyrsta kasti. Þegar hún svo spyr hvað hún heitir, þá verður mér hugsað til sögunnar af Kolbeini og Hólmfríði og svara henni: „Hún heitir Ásgerður.“ Þetta er hræin-föld fluga.



Ásgerður, hnýtt á þríkrækju nr. 14.

Öngull nr. 10-16

Búkur: Flúrlitað skærgrænt garn eða flos

Vöf: Ávalt gull

Vængur: Svartur íkorni, 2-3 þræðir af kristalhári

Skegg: Svartur íkorni

Elliðaárnar

Ég byrjaði snemma að skoða fisk í Elliðaá num. Ég bjó í Vogahverfinu og við strákarnir vorum oft þarna. Einu sinni fórum við inneftir með einhverjar stangir og veiddum í hylnum fyrir framan gömlu Fákshúsin. Þarna fylltist allt af bleikju síðsumars. Ég man eftir að það var erfitt að fá hana til að taka, en veiðitúrinn endaði yfirleitt á því að við fengum ál. Það er ekki í mannlegu valdi að ná ál af öngli – hann er háll sem áll – og þar sem við áttum bara einn öngul gengum við heim með álinn dinglandi á stönginni. En þegar við komum heim var hann orðinn þurrr og auðvelt að losa hann.

Einu sinni komum við að ánni þegar hún var vatnslítill en allt morandi í laxi. Það var fiskur við fisk að ganga upp þessar grynningar og bök og sporðar út um allt – sennilega í vestari kvíslinni. En svo komum við þar sem hettumáfur er að gogga í hausinn á laxi sem hann hafði komið á þurrt. Ég óð úti og náði fiskinum og lagði af stað með hann heim. Á leiðinni mætti ég veiðiverðinum sem spurði hvern djöfulinn við værum að gera með þennan fisk. Ég skalf á beinunum og stundi uppúr mér einhverju um fugl og benti á sárið á hausnum á fiskinum. Þá hleypti hann okkur áfram, mamma sauð laxinn og hann var alveg ágætur. Það var ekkert verið að hugsa um samband máva og salmonelli í þá tíð.

Leiðsögn við Grímsá

Þessi veiðiskapur okkar hjóna byrjaði sem sagt fyrir alvöru í Grímsá, þar var fyrsti alvöru túrinn. Við fengum leiðsögumann, og það var enginn annar en sá mikli öðlingur og hámenningarmaður í stangveiði, Sveinbjörn Blöndal, gríðalega flinkur og mikill náttúruunnandi.

Sveinbjörn er sonur Björns J. Blöndal, og hefur vafalaust lært heilmikið af föður sínum í æsku. Björn nefnir það í einni bóka sinna að hann hafi „haft strákinn með sér“ þegar hann fór til veiða í einhverri ánni í Borgarfirðinum. Strákurinn var sem sagt Svein-

björn. Hann er örugglega einn besti leiðsögumaður sem fyrir finnst, rólegur og íhugull, eins og gamall sveitamaður. Við búum að leiðsögn hans enn í dag. Hann kenndi okkur á ána, að lesa vatnið og meta náttúruna. Við hugsum oft til hans.

Ég held að sannur veiðimaður upplifi sig sem hluta af náttúrunni. Þegar ég kem í hús eftir vaktina finnst mér alveg gilt að tala um að skýjafarið hafi verið fallett, en sumt fólk verður furðu lostið yfir slíku umræðuefni í veiðitúr. Það má vel vera að þegar fer maður hægar yfir verði meiri tími til að líta í kringum sig.

Sveinbirni var auðvitað umhugað um að við fengjum fisk en takmarkið er ekki að drepa sem mest. Ásgerður fékk sinn fyrsta lax á undan mér. Það var leiðindaveður við ána, mikið vatn og rigning. Áin var ekki sérstaklega veiðileg – var okkur sagt, en það skildum við ekki þá – lituð af mold. Ég húkti inni í bíl meðan þau voru úti. Maður gerði ráð fyrir að í nafntogaðri á væri fiskur á í hverju kasti. Ég var í þungu skapi. Rigningin buldi á bílþakinu, og ég hugsaði hverslags vitleysa það væri að láta hafa sig í þetta og eyða svo öllum þessum peningi í rándýrt fæði, gistingu og leiðsögumann, fyrir utan veiðileyfið sjálft og allar græjurnar. Í þessum þönkum verður mér svo lítið á aðfarir eiginkonunnar. Línan lenti í hrúgu fyrir aftan hana og svo bara druslaði hún þessu hreiðri aftur út í á. Þessi sjón gerði mig ennþá fýld-



Kristinn og Ásgerður fagna góðum feng við Grímsá.

ari. – Ég muldraði: „Svo kann hún ekki einu sinni að kasta.“

Á þessari stundu breyttist allt. Um leið og hreiðrið lenti í ánni tók Maríulax Ásgerðar. Þessi frumlegi kaststill bar sem sagt árangur.

Morguninn eftir fékk ég minn fyrsta lax og fékk um leið bakteríuna. Við vorum nokkuð góð með okkur eftir túrinn því við fiskuðum betur en flestir. Ég man ekki hvort við vorum næst aflahæst eða í þriðja sæti. Auðvitað hefðum við ekki náð þessum afla án aðstoðar Sveinbjörns. Árið eftir hringdum við því aftur í Sveinbjörn til að fá hann með okkur, og hann varð alveg hissa. Við sáum ekki eftir því.

Það er vanhugsaður sparnaður að fá ekki leiðsögumann í nýrri á. Ég fór í fyrsta skipti í Hofsa með bróður mínum (#801). Það var mikið diskúterað. Okkur kom saman um að við gætum sjálfir lesið vatnið eins og aðrir með þeim árangri að við vorum fisklausir, meðan aðrir fengu 12-15 fiska, alveg mok. Reyndar var vitlaust veður, dæmigerð haustlægd og ekki stætt. Það var svo brjáláð veður að Þórður bróðir fauk á hnén í einum hylnum – og því munu ekki margir trúa.

Laxárdalur

Hinn fasti póllinn í veiðisumrinu árum saman var holl á Rauðhóla-svæðinu í Laxárdalnum, sem Ásgeir Steingrímsson hélt utanum af mikill festu og alúð. Þetta er nánast eins og óspillt friðland þótt enn sé búið á nokkrum bæjum, og fuglalífið einstakt. Við komumst inn í það eitt sumarið vegna forfalla. Ég gleymi því ekki – þá var veiðin í toppi og stórfiskar á hverri einustu vakt. Fyrsti fiskurinn minn var á Ljósstaðabökkum, á Black Ghost. Ég kastaði langt út, og allt í einu var allt fast. Svo óð festan af stað, fyrst upp ána og svo þvert yfir. Guðjón og Esther voru þarna með okkur. Þegar Guðjón reyndi að háfa brotnaði skaftið á háfnum. Fiskurinn reyndist vera sex pund og svona fiska fékk maður á hverri vakt þetta sumar. Síðan hefur þessu hnignað ár frá ári, en það hélt í mann að maður taldi sig þekka staðina.

Í ár (2009) ákvað ég að gefa þessu frí, en með nokkrum söknuði, sérstaklega vegna þess að hollíð var svo skemmtilegt, þarna voru úrvals menn eins og Gulli, Gísli, #643, Hörður, Leifur og Gauji, Esther og

Þórður bróðir. Allt saman gæðablóð og húmoristar, alltaf gaman – alltaf hægt að hlæja. Núna var breytt fyrirkomulag, og stefndi í óvissu um hvort félagsskapurinn mundi geta haldist, veiðiskapurinn var á niðurleið en verðið á uppleið. Félagsskapurinn er svo stór hluti af þessu að ef farið verður að úthluta stökum veiðileyfum eins og í aðrar ár, þá er þetta búið. Fyrir vikið held ég að margir hafi hætt.

Nú eru þetta orðnir fastir veiðitúrar hjá okkur, Grímsá er fastur punktur og svo förum við í Elliðaárna þegar við erum í bænum. Við förum í fyrsta sinn í Laxá í Kjós fyrir tveimur árum, og veiddum ágætlega þótt við værum ekki með gæd. Við vorum reyndar svo heppin að lenda í rigningu eftir langvarandi þurrk allt sumarið svo laxinn helltist inn í ána. Fossarnir voru eins og rúllu-stiginn í Kringlunni á föstudagseftirmiðdegi.

Hver sleppur?

Eftir að símastaurinn fékk hvíldina veiddi ég lengi vel á línu nr. 8, en fyrir einhverja guðs mildi var tilbóð á Sage-stöngum þegar Ásgerður keypti sína fyrstu stöng, og þá fékk

hún stöng nr. 6. Það er ekkert auðvelt við íslenskar aðstæður að byrja með svoléiðis, en svo er ég farinn að nota sexuna miklu meira, það er allt annað og skemmtilegra að veiða á svona léttu stöng.

Þegar ég varð fimmtugur gáfu veiðifélagar mínir í Grímsá mér 9,5 feta stöng af bestu gerð. Það er hægt að kasta ótrúlega með henni, næstum eins og með tvíhendu.

Fyrsta stöngin mín var reyndar flugustöng, en það vissi ég ekki fyrir en síðar. Ég var sendur 9 ára í sveit vestur í Dýraförð, til Guðmundar afa-bróður míns að Gerðhömrum í Dýrafirði. Áður en ég fór keyptu foreldrar mínir veiðistöng og veiðihjól handa mér og ég fór vopnaður þessu í Dýrafjörðinn, bambusstöng, split-cane. Þetta var sem sagt flugustöng, en engar flugur með í pakkanum, bara önglar og sökkur. Ég hafði stundað dorgveiðar í Reykjavíkurbíó síðan ég var fimm ára og þar með vissi ég að mig vantaði sökkur – og svo tindi maður ánamaðka.

Ég tindi nokkra ánamaðka og labbaði svo inn Gerðhamradal. Í honum er lítil á, eða lækur. Ég sá að það var fiskur undir bakka, það var urriði með þessa fallegu rauðu bletti. Ég beitti maðkinum og renndi honum að fiskinum. Maðkurinn dinglaði fyrir framan fiskinn og þarna horfðumst við í augu, fiskurinn og ég, fram eftir degi, spurningin snerist um hvor hefði meiri þolinmæði. En þar kom að fiskinum leiddist þófið og hann tók maðkinn. Líklega hefur hann verið tvö pund eða meira því mér fannst þetta mikill fiskur og labbaði heim.

Það þykir engum skrytið að sleppa smásilungi og það ætti ekki að vera neitt öðru vísi að sleppa stórlaxi. „Reyndar er skrytin reynsla að sleppa þessum löxum,“ skýtur Ásgerður inn í samtalið. Við fengum einn stóran fyrir í sumar. Þessir stóru eru svo lengi að taka við sér, maður þarf að hjálpa þeim mikið.

Maður heldur lengi vel að þeir séu dauðir, en svo gerist það allt í einu, og þeir taka strikið.

Það er sjálf sagt að reyna að sleppa stórlaxi, að minnsta kosti meðan ástandið er ekki burðugra. Ég efast reyndar um að það takist að bjarga stórlöxunum með því einu að treysta á að veiðimenn sleppi þeim. Trú mín á göfuglyndi og heiðarleika mannskeppunnar minnkar eftir því sem ég eldist. Slyss og blóð eru furðu algeng þegar menn fá stórfisk. Samanber: „Hann bara kokgleypti fluguna, svo ég varð að drepa hann“, eða „flugan fór í tálknin á honum – hann hefði aldrei lifað þetta af“.

Ég er alls ekki að setja mig á einhvern stall. Ég er ekkert skárri en hver annar. Ég er ekki veiðnari en gengur og gerist og er ekki alla daga sumarsins í veiði. Þess vegna er ég ekkert viss um að ég ætti auðvelt með að sleppa stórfiski. Ég er viss um að ég er ekki einn um það.

En það eru til snillingar sem hafa öðlast einhverskonar æðra viðhorf til veiðanna.

Helgir menn

Við hittum Kolbein (#73) einu sinni við Grímsá. Þá var hann þar í húsinu, og Bragi Guðbrandsson (#369) og Svend Richter (#349) minnir mig. Þeir voru líklega saman á stöng, Bragi og Kolbeinn.

Þessi gamli maður var miðpunkturinn í veiðihúsinu þegar sest var. Hann sagði ekki margt en menn biðu „í ofnæmi“ eftir hverju orði, því allt sem hann sagði um veiði vó einhvern veginn tvöfalt á við það sem aðrir sögðu. Þetta var eins og vera nálægt heilögum manni, hann hafði áru í kringum sig.

Eitt sagði hann um veiðihúsið. Þetta er mjög sérstök bygging, gífullega hátt til lofts í matsal en gangar þröngir. Kolbeinn sagði að þetta hús hefði áfengistmjandi áhrif á fólk því það væri ekki hægt að slaga

á göngunum. En svo bætti hann við: „En það er óskaplega gaman að mæta stelpum á þessum göngum.“

Ýmsir aðrir hafa líka yfir sé þess helgi við veiðiskapinn. Til dæmis Sigurður Pálsson, höfundur Flæðarmúsar, Dýrbíts og annarra skaðræðisflugna. Svo má nefna Ásgeir Steingrímsson (#507) og Gunnlaug Kristjánsson, svo maður tali nú ekki um Jón Aðalstein Þorgeirsson (#736). Þetta eru lítillátir menn og högværir en miðla öðrum með mikilli ánægju af því sem þeir gera. Ég gæti líka nefnt Guðjón svila minn, Esther mágkonu mína og Þórð bróður minn.

Ég kynntist Jóni Aðalsteini fyrst úti í Vínarborg. Við vorum báðir að læra að verða músikantar, hann var að læra á klarinett við Tónlistarháskólann og búinn að vera í nokkur ár þegar ég kom.

Ég hafði ekki hugmynd um að hann veiddi á stöng fyrir en ég rakst á hann í veiðibúð mörgum árum síðar. Við fórum að spjalla um veiðar. Aðspurður sagði ég honum að ég notaði vanalega stöng númer 6. Hann skammaði mig fyrir að vera með allt of þunga stöng, kvaðst sjálfur ekki veiða á þyngra en nr. 3. Þá var ég reyndar ekki lengur með símastaurinn, hann fékk hvíldina eftir fyrsta sumarið.

Svo frétti ég af því miklu síðar að hann lægi úti mestallt sumarið á Þingvöllum og veiddi á nóttunni, og væri mikið í að gæða menn í veiði. Jón var einu sinni að veiða í Laxárdalnum um leið og við. Við áttum Halldórsstaði og hann bauðst til að sýna okkur hvernig ætti að veiða einn sérstakan veiðistað þar á þurrflugu. Hann gekk fram á bakkann og settist, og við hjá honum, kveikti sér í sígarettu, og meðan hann reykti horfði hann yfir hylinn og fylgdist með. Við þurftum ekki að bíða lengi. Hann sá fisk vaka og drap í sígarettunni. Svo tók hann eina af sínum frægu flugum númer



Fluguhnýtingaefni

Mesta úrval landsins af fluguhnýtingarefni

Afsláttur til Ármanna

Vesturröst

Sérverslun veiðimanna - Laugarveg 178 sími 551 6770 www.vesturröst.is



Ármaður nr. 617 lokar hliðinu á eftir sér.

tuttuguogeytt hvað – hann var með þær í boxi og taumenda í öllum –og eftir tvö köst náði hann þessum flotta urriða.

Veiðidellan og hjónabandið

Hjá mörgum veiðmönnum er eitt helsta áhyggjuefnið að sameina veiðidelluna hjónabandinu. Mér heyrir þú nefna Ásgerði í flestum þínum veiðsögum.

Ég þekki þetta ekki sem vanda-mál. Ég hef einn fastan veiðifélaga og það er Ásgerður Þórisdóttir. Mér er engin launung á því að hún veiðir til jafns við mig og stundum miklu meira. Ég er enginn sérstakur veiðimaður, við byrjuðum saman og förum í flesta túra saman. Hún hefur að-

eins annað veiðilag en ég, ég læri af henni, mér finnst það í seinni tíð. Ég hafði í byrjun tilhneigingu til að þver-kasta í miklum straumi og byrjaði að strippa of snemma. Hún kastaði meira á ská og leyfði flugunni að fara hægt – ég hafði ekki þolinmæði til þess, hélt að þyrfti meiri hreyfingu.

Er veiðin kannski þerapía fyrir hjónabandið?

Það kann vel að vera ef fólk fer út í þetta samtímis, en gæti verið snúið ef annað hjónið hefur veitt lengi en hitt er að byrja.

Hinn hreini tónn

Það er eiginlega ekki hægt að ljúka viðtalinu án þess að spyrja þig um söng. Geta fiskar sungið?

Í skáldsögu Halldórs Laxness, Brekkukotsannál, er Álfgrímur látinn segja: „Veröldin er saungur, en við vitum ekki hvort hún er góður saungur, af því við höfum ekki annað til samanburðar.“ Ég hef aldrei heyrt nein hljóð úr fiskkoki nema urr eða rop, til dæmis hjá urriða. Brekkukotsannál heitir í þýskri þýðingu, Das Fischkonzert, og á ensku The fish can sing. Þetta er líklega vísun til þess að Garðar Hólm gat ekki sungið frekar en fiskur. En leitinn að hinum hreina tóni er kannski eins og leit að hinni einu og sönnu flugu, hinu fullkomna kasti og því hvernig maður leggur fluguna til að hann taki.

#643 skráði

Árgjald Ármanna fyrir 2010

Eins og jafnan um þetta leyti árs, á innheimtuseðill vegna árgjalds Ármanna að vera kominn inn um bréfalúgunu á viðeigandi stöðum. Árgjaldið er 6.500 kr og er óbreytt frá í fyrra.

Félagar eru hvattir til að greiða það jafn snarlega og þeir bregða við fiski.

Ertu nokkuð að hætta?

Hitti um daginn mann á götu sem ég kannaðist lítills háttar við. Þetta var alveg ágætis náungi hér á árum áður, var meira að segja í Ármönnum þó langt sé síðan, en lenti svo í varasömum félagsskap, hætti að greiða árgjaldið sitt og fór að spila golf.

Eitthvað fannst mér hann rótlaus barna sem við stóðum á gangstéttinni á Tjarnargötunni, skimandi í allar áttir, hallandi undir flatt opnandi munninn í sífellu og hringsnúandi hökunni. Frekar en að kveðja og koma mér í burt strax fannst mér af einhvers konar kurteisastæðum við hæfi að forvitnast um gengi hans og líðan á golfvellið. Þá lítur hann á mig í forundran og spyr hvort ekki sé í lagi með mig, hann sé löngu hættur í golfinu, það hafi auðvitað aldrei verið neitt fyrir hann. Nú stundi hann bara ferðalög og helst til heitra stranda þar sem alltaf sé nóg af sprækum kellingum með í ferð og sem allar vilja ólmar og undantekningarlaust komast í náin kynni við mann eins og hann.

Verð að viðurkenna að við þessa ræðu setti að mér grafarþögn, því okkar maður hefur aldrei haft orð á sér að vera þeirrar gerðar sem laðar að sér konur eða bar hann með sér snefil af því fasi, sem á nokkurn hátt getur talist hvetjandi til kynna af nokkurri tegund. Öðru nær þið fyrirgefið.

Ég kvaddi hann í hvelli og þar sem forvitni mín var vakin, hafði ég svo uppi á frænda hans, traustum manni sem segist ætla að ganga í Ármenn einhvern tímann og býr með svilkonu frænku konunnar minnar. Frændinn dæsti mikið og talaði í miklum sorgartón um frænda sinn.

Hann hafði, sagði hann, eins og allir vissu alist upp við útivist og stangaveiði frá blautu barnsbeini og þar hafði hann notið sín, átt góða veiðifélaga þrátt fyrir allt, verið í hnýtingaklúbbi og ég veit ekki hvað. Svo fékk hann allt í einu þá hug-



Ljósmynd: Jón Einar # 574

mynd að stangaveiði, og þá sérstaklega fluguveiði, væri hundleiðinleg og bara fyrir fólk á jaðrinum, hætti henni alveg, gaf allt veiðidótið og byrjaði á fullu í golfi með öllu tilheyrandi. Þar entist hann í rúm tvö ár. Þá fékk hann svona voðalega leið á því og keypti sér stærðar mótörhjól og fékk á það réttindi eftir mikið basl. Það eyðilagðist í útafakstri áður en það árið var liðið eftir nokkur minni háttar óhöpp og hann hundheppinn að drepa sig ekki. Síðan fékk hann ættfræðidellu, svo heiftarlegan upprunaáhuga með tengingu við Íslendingasögurnar, en gaf það upp á bátinn vegna lesblindu.

Til að gera langa sögu stutta eirði þessi fyrirverandi fluguveiðimaður ekki við nokkurn skapaðan hlut og átti bara bág. Konan gafst líka upp á honum fyrir mörgum árum eða rétt eftir að hann hætti að veiða,

sagði frændinn. Um áhuga söguhetju okkar á heitum ströndum og konum hafði frændinn, eins og ég, afar sterkan grun um að þar færi ekki saman áhugi og árangur og vonaði fyrir hans hönd að næsta viðfangsefni yrði ögn viðráðanlegra. Já, sagði svo frændinn við mig, þetta vesen byrjaði allt þegar hann hætti í Ármönnum.

Þetta er því miður sönn saga, sem ég vona að viðkomandi lesi ekki, en fari svo, að hann muni þá sjá villu síns vegar. Hann má annars alveg gefa mér einn á hann.

Góðir félagar! Svona nokkuð má bara ekki henda okkur. Munum því ávallt eftir að greiða árgjaldið og helst líka að koma okkur að vatni einhvers staðar til að njóta náttúrunnar, hlusta á fuglana, horfa á skýin eða jafnvel veiða.

Gleðilegt nýtt ár

HF

Scott
flugustangir

SÖLUSTADIR:

Reykjavík: Intersport
og Veiðiportið

Akureyri: Hornið

Tillaga að endurskoðuðum lögum Ármanna

I. Um félagið

1. grein.

Nafn félagsins er Ármenn. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

2. grein.

Markmið félagsins eru:

1. Að auka hróður þeirrar íþróttar að veiða vatnafisk á flugu.
2. Að efla virðingu veiðimanna fyrir íslenskrí náttúru.
3. Að hvetja til góðrar umgengni, hófsemi við veiðar og háttvísi á veiðislóð.
4. Að stuðla að því að félagar geti stundað stangaveiði fyrir hóflegt verð.
5. Að auka rétt almennings til veiða á stöng í almenningum og þjóðlendum.

3. grein.

Markmiðum sínum hyggst félagið ná m.a. með því:

1. Að taka á leigu eða eignast veiðiréttindi til sanngjarnrar framleigu til félaga.
2. Að halda uppi öflugu félagsstarfi meðal fluguveiðimanna og fjölbreyttri fræðslu um fluguveiðar og íslenska náttúru.
3. Að auka skilning almennings og stjórnvalda á markmiðum félagsins.
4. Að taka þátt í samstarfi við þá sem vinna að sambærilegum markmiðum.
5. Að styðja eftir efnun rannsóknir á lífríki fiska í náttúru Íslands.

II. Félagar

4. grein.

Félagar geta orðið þeir sem eru íslenskir ríkisborgarar eða eiga lögheimili á Íslandi. Við inngöngu skuldbinda þeir sig til að fara að lögum og siðareglum félagsins. Inntaka nýrra félaga er háð samþykki stjórnar.

5. grein.

Hver félagi öðlast félagsnúmer við inngöngu. Félagi getur arfleitt eða gefið öðrum númer sitt í félaginu. Aðild nýs félaga er þó háð skilyrðum 4. og 17. greinar.

6. grein.

Börn, yngri en 18 ára, makar fullgildra félagsmanna og þeir sem eru 65 ára og eldri geta gerst félagar og greiða þá hálf inntökugjald og hálf árgjald.

7. grein.

Félagi, sem vegna aðstöðu sinnar getur ekki nýtt sér úthlutun veiðileyfa félagsins, en vill áfram njóta annarra réttinda, getur sótt um til stjórnar að verða styrktarfélagi. Styrktarfélagi greiðir hálf árgjald.

8. grein.

Félagi, sem verið hefur í félaginu 10 ár hið minnsta og náð 65 ára aldri, getur óskað eftir að vera undanþeginn greiðslu árgjalds.

9. grein.

Enginn félagi ber ábyrgð á skuldbindingum félagsins með öðru en gjöldum sínum til þess. Enginn félagi á tilkall til hluta af sjóðum félagsins eða öðrum eignum þess, þótt hann hverfi úr félaginu.

III. Stjórn og skipulag

10. grein.

Aðalfundur hefur æðsta úrskurðarvald í öllum málum félagsins. Félagið kys sér á aðalfundi stjórn sem stýrir félaginu milli aðalfunda.

Stjórnin heldur fundi að jafnaði mán- aðarlega yfir vetrartímamann. Annars boðar formaður til stjórnarfundar þegar þörf krefur eða þrír stjórnarmenn óska þess. Afl atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum. Félagar í einstökum landshlutum geta myndað deild í félaginu, enda velji þeir sér umboðsmann er komi fram gagnvart stjórn félagsins.

11. grein.

Stjórn félagsins skipa 7 menn, formaður, varaformaður, ritari og gjaldkeri, auk þriggja meðstjórnenda.

Formaður skal kjörinn sérstaklega, en að öðru leyti skipar stjórnin með sér verkum. Einn stjórnarmanna sitji í húsnefnd.

Formaður og aðrir stjórnendur skulu kosnir á aðalfundi til tveggja ára. Stjórnarmenn skulu ekki sitja í stjórn lengur en þrjú kjörtímabil samfellt.

12. grein.

Verksvið stjórnar er að sinna málefnum félagsins milli aðalfunda og annast framkvæmdir í samræmi við samþykktir aðalfundar. Hún semur við gagnaðila um veiðirétt og rekstur veiðisvæða og sér um almennan rekstur félagsins.

Stjórnin hefur heimild til að skipa nefndir, sem sjá um afmörkuð verkefni í starfsemi félagsins, og fulltrúa til að gæta hagsmuna þess á öðrum vettvangi.

Allar meiri háttar framkvæmdir og fasteignakaup eru háð samþykktum löglegs félagsfundar.

13. grein.

Á aðalfundi skal kjósa tvo skoðunarmenn reikninga til eins árs og einn til vara.

IV. Fundir

14. grein.

Aðalfundur skal haldinn fyrir 15. febrúar ár hvert.

Stjórn félagsins boðar til hans með minnst tveggja vikna fyrirvara með auglýsingu í Áróði, á heimasíðu félagsins eða með öðrum tryggum hætti.

Aðalfundur er lögmaður sé hann löglega boðaður.

Tillögur til lagabreytinga og stjórnarkjörs skulu afhentar stjórninni skriflega fyrir 15. desember og sendir stjórnin félagsmönnum þær með fundarboði.

Ekki verða greidd atkvæði um aðrar tillögur til lagabreytinga en þær sem sendar eru með fundarboði og breytingartillögur við þær.

Endurskoðaðir ársreikningar félagsins skulu liggja frammi í eina viku fyrir aðalfund.

Rétt til setu á aðalfundi, kosningarétt og kjörgengi hafa allir skuldlausir félagar.

15. grein.

Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Fundargerð síðasta fundar.
3. Skýrsla formanns um starfsemi stjórnar og fastanefnda.
4. Endurskoðaðir reikningar.
5. Lagabreytingar.
6. Ákvörðun árgjalds og inntökugjalds.
7. Kosning stjórnar og skoðunarmanna reikninga.

8. Önnur mál.

16. grein.

Til almennra félagsfunda skal boðað þegar þörf krefur, að dómi meirihluta stjórnar, eða þegar minnst 1/5 hluti félagsmanna óskar þess. Fundina skal boða með sambærilegum hætti og aðalfund. Á almennum félagsfundum má ekki afgreiða nein mál sem heyra undir aðalfund samkvæmt lögum þessum.

V. Gjöld

17. grein.

Nýr félagi skal greiða inntökugjald við inngöngu í félagið. Inntökugjald skal ákveðið á aðalfundi.

18. grein.

Nýr félagi greiðir fyrst árgjald fyrir það ár sem hann á kost á úthlutun veiðileyfa.

Árgjald skal ákveðið á aðalfundi.

Reikningsár félagsins er frá 1. janúar til 31. desember. Gjaldþagi árgjalds er 1. janúar.

Aðeins skuldlausir félagar fá úthlutað veiðileyfum. Skuldi félagi árgjöld fyrir tvö ár eða meira má stjórnin fella hann af skrá.

VI. Veiðireglur

19. grein.

Ármenn skulu veiða aðeins á flugu og fluguveiðitæki á veiðisvæðum félagsins.

Þeim er heimilt að bjóða gestum til veiði með sér með sömu skilyrðum og skal kynna þeim siðareglur félagsins. Börn Ármanna, sem eiga þess ekki kost að fylgja ákvæði um veiðar með fluguveiðitækjum, mega nota önnur veiðitæki eftir því sem reglur viðkomandi veiðisvæðis heimila.

20. grein.

Ármenn skulu hafa forgang að veiðileyfum á veiðisvæðum félagsins. Að þeim frágengnum er stjórninni heimilt að selja veiðileyfi á almennum markaði og þá með þeim skilyrðum sem gilda á hverju veiðisvæði. Kynna skal kaupendum veiðileyfa siðareglur félagsins.

Félagsmanni er heimilt að framselja veiðileyfi sitt á kostnaðarverði. Kaupandi skal hafa kynnt sér siðareglur félagsins og undirgengist þær.

VII. Önnur ákvæði

21. grein.

Brjóti félagi lög félagsins, siðareglur eða aðrar reglur um veiðiskap, getur stjórnin svipt hann rétti til veiða á svæðum félagsins um lengri eða skemmri tíma. Við ítrekuð brot getur hún vikið honum úr félaginu. Úrskurði stjórnar má skjóta til aðalfundar.

22. grein.

Félaginu verður ekki slitið nema á aðalfundi og með samþykki meirihluta allra skuldlausra félagsmanna. Við félagsslit renna eignir félagsins óskiptar í Fiskræktarsjóð.

23. grein.

Lögum þessum verður aðeins breytt á aðalfundi með 2/3 hlutum greiddra atkvæða.

24. grein.

Lög þessi öðlast gildi 1. mars 2010. Þau eru byggð á upphaflegum lögum félagsins sem tóku gildi á stofnfundi 28. febrúar 1973, með síðari breytingum.

Vetrardagskrá í Árósum 2009 – 2010

Regluleg dagskrá

Skegg og skott á mánudagskvöldum milli 20.00 og 22.00

Opið hús á miðvikudagskvöldum milli 20.00 og 22.00

Auglýstir viðburðir

5. jan. þriðjudagur	Skilalok veiðileyfa umsókna
25. jan. mánudagur	Afgreiðsla veiðileyfa
26. jan. þriðjudagur	Afgreiðsla veiðileyfa
27. jan. miðvikudagur	Afgreiðsla veiðileyfa
30. jan. laugardagur	Þorrablót
10. feb. miðvikudagur	Aðalfundur
17. apríl laugardagur	Vorblót

ATH. Þegar auglýsta viðburði ber upp á sömu daga og reglulega dagskrá, eins og til dæmis Skegg og skott, fellur regluleg dagskrá niður.

Aðalfundur Ármanna

verður haldinn miðvikudagskvöldið 10. febrúar 2010 kl. 20

í Árósum, Dugguvogi 13, 104 Reykjavík

Dagskráin er eftirfarandi:

- | | |
|--|--|
| 1. Fundarsetning,
skipun fundarstjóra og fundarritara | 5. Lagabreytingar |
| 2. Fundargerð síðasta aðalfundar | 6. Ákvörðun um árgjald og inntökugjald |
| 3. Skýrsla stjórnar. Umræður | 7. Stjórnarkjör og kjör skoðunarmanna |
| 4. Reikningar félagsins. Umræður og afgreiðsla | 8. Önnur mál |
| | 9. Kaffi |

Á fundinum skal kjósa um ný lög sem byggð eru á upphaflegum lögum félagsins, sem tóku gildi á stofnfundi félagsins 28. febrúar 1973, með síðari breytingum. Lagatillagan fylgir þessu fundarboði í blaðinu. Kjósa skal tvo nýja stjórnarmenn, en úr stjórn ganga Örn Daníelsson og Ragnar Björgvinsson. Tillaga stjórnar um nýja stjórnarmenn er Bragi Valur Egilsson og Sigbjörn Kjartansson. Tillaga stjórnar um skoðunarmenn er Sigurður Jónsson og Halldór Lárusson og til vara Örn Guðmundsson. Aðrar tillögur um lagabreytingar og um stjórn og skoðunarmenn hafa ekki komið fram.

Stjórnin

ARMENN

Landsfélag um þjóðlega náttúruvernd
og stangveiði með flugu.

Árósum, Dugguvogi 13, 104 Reykjavík, sími 568 6051.

Ritstjórn og ábyrgð: Eiríkur I. Bjarnason, eirikur@wurth.is.

Umbrot og prentun: Frum ehf. • www.armenn.is / armenn@armenn.is